

**L Ö G****um lausn kjaradeilu verkfræðinga.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu. Dómurinn skal einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

**2. gr.**

Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu, samkvæmt launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963.

Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu, skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.

**3. gr.**

Verkföll í því skyni að knýja fram skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stéttarfélags verkfræðinga, sem nú eru háð.

**4. gr.**

Nú fellir kjaradómur úrskurð samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og skulu þá kjör verkfræðinga samkvæmt gerðardómi, dags. 28. okt. 1963, breytast til samræmis við úrskurð kjaradóms um kjör hliðstæðra ríkisstarfsmanna.

**5. gr.**

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

**6. gr.**

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1965. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1964.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*